

Til Sveitarstjórnar Skeiða og Gnúpverjahrepps.

Frá Afréttarmálanefnd Gnúpverjaafreftar

Framkvæmdir 2020

Í sumar var girt ný girðinginn á hafi og er nú búið að skipta út öllum girðingum sem liggja að afréttinum úr rafmagnsgirðingu í netagirðingu. Virkaði þetta vel í sumar og fátt fé sem rann fram í sveit.

Við fengum 2.000.000 kr frá fjallvegaskjóð og var hann nýttur í að tæta afréttarveginn, vouru tættir valdir kaflar frá Sandafelli og niður í Skúmstungur, og það sem tætarinn réði við frá Gljúfurleit að Dalsá, og þykir okkur hafa tekist vel til.

Hækkaðir voru tveir veggir í réttum sem og löguð hleðslan við gönguhliðið, kostnaður við það var 700.000 kr. Þetta verkefni átti að vinnast haust 2019, en var klárað nú í haust

Girðing á milli safngerðis og hestagirðingar í réttum var endurnýjuð.

Girt var safngerði framan við Hólaskóg.

Framkvæmdir 2021

Sækja þarf um fjármagn frá fjallvegaskjóð. Það þarf að laga vegkafla úr Skúmstungum upp með innri Skúmstungnaánni, þar sem runnið hefur úr vegi og er hann víða orðinn verulega ósléttur. Halda þarf svo áfram með lagfæringar innar á afréttinum, næsti kafli þá frá Dalsá inn í Bjarnalækjarbotna. Við óskum eftir því að sveitarfélagið leggi til sömu upphæð og fæst frá fjallvegaskjóð.

Réttir.

Halda þarf áfram að hækka réttarveggi sem og laga útvegg þar sem runnið er úr honum. Eftir á að fá tilboð í þá vinnu, en þetta gæti verið um 3.000.000 kr að hækka þá vegg sem eftir eru. Óskað er eftir fjármagni til að halda áfram þessum lagfæringum (í þetta verkefni eða þá allavega halda áfram með það). Einnig mætti skoða hvort Minjastofnun styrki þetta verkefni.

Endurnýja þarf veggirðinguna við safngerðið og spurning hvort Vegagerðin taki þátt í því. Þessi kafli er um 180 m og mætti áætla 300.000 – 350.000 kr efni og vinna.

Einnig er um 100m kafli í safngerði sem þyrfti að færa til og endurnýja í leiðinni. áætla mætti um 200.000 kr efni og vinna.

Fjallaskálar.

Þörf er á að fjármagn komi til viðhalds afréttarskálunum.

Komið er að viðhaldi á ýmsu í kring um skálana. Má þar nefna málningu utandyra í Gljúfurleit, viðarvörn á glugga og annað tréverk, Viðhald hestagirðinga, Nýjan kamar í Tjarnarver

Til framtíðar eru ýmsar hugmyndir um endurbætur á skálum, svo sem byggja skjól fyrir hross inn í Bjarnalækjarbotnum og bæta aðstöðu í skálanum fyrir gesti með því að taka hesthúsið undir. Einnig koma rennandi vatni inn í hús og setja vatnssalerni. Að endurbæta Gljúfurleitarskálann að innan og gera hann hlýlegri og jafnvel breyta skipulagi. Einnig bæta þar salernisaðstöðu.

Fyrir hönd Afréttarmálanefndar

Gylfi Sigríðarson